



## FUNDARGERÐ BYGGINGANEFNDAR BÚÐARSTÍGS 22

8. fundur bygginganefndar um framkvæmdir að Búðarstíg 22 var haldinn 9. September 2020 kl 19 að Búðarstíg 22 og framhaldið að Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka. Mætt var nefndin öll þau Árni Eiríksson, Eyþór H. Ólafsson, Eggert Valur Guðmundsson og Bryndís Eir Þorsteinsdóttir. Gestur fundarins var Grímur Jónsson byggingastjóri. Einnig var á fundinum safnstjóri Lýður Pálsson sem skrifaði fundargerð. Fundargerðin var færð í tölvu.

1. Staða framkvæmda. Undanfarna mánuði hefur verið unnið að viðgerðum á eldri húshlutum Búðarstígs 22. Búið er að fjarlægja gömlu klæðninguna og glugga, smíða nýjan inngang og steypa nýtt gólf í aðalsal. Búið er að fjarlægja innveggi í skrifstofuhluta. Framundan er að steypa nýtt gólf í norðvestursal og í haust kemur ný klæðning á eldri hluta hússins. Verið er að hanna raflagnir og pípulagnir í húsið. Verkið gengur vel og ekkert óvænt komið upp á. Leitað verður tilboða hjá nokkrum rafverktökum um raflagnir.
2. Fjárhagsleg staða. Safnstjóri lagði fram yfirlit um stöðu byggingareiknings. Þegar tekið er tillit til útistandandi krafna er staðan á reikningnum 18,8 milljónir króna en bókfærður virðisaukaskattur af vinnu frá 1. mars til júlíloka er 3,4 milljónir króna.
3. Lántaka. Samþykkt að taka síðari hluta lántöku vegna framkvæmda fljótlega.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 20,15.

Árni Eiríksson  
Eggert Valur Guðmundsson  
Bryndís Eir Þorsteinsdóttir  
Eyþór H. Ólafsson  
Grímur Jónsson  
Lýður Pálsson